

Skólaráðsfundur 21. maí 2015

Fundinn sátu: Guðrún Sighvatsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Óskar Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stóri sandkassinn sem ræddur var á síðasta fundi er kominn á lóð skólans og hefur vakið mikla lukku hjá mörgum nemendum. Húsvörður gekk í málið, sótti kassann, setti hann upp og fékk nýjan sand.
2. Skóladagatal 2015-2016 rætt. Fulltrúar í skólaráði lýsa ánægju með að helstu viðburðir í skólastarfi næsta skólaárs eru allir settir inn á skóladagatalið, s.s. árshátíðir, Reykjaferð, samræmd próf, Vinadagur, Olveusardagur o.fl. Árskóladagur er fyrirhugaður laugardaginn 12. september og dagarnir á undan eru þemadagar. Þessi dagur er hugsaður sem nokkurs konar kynning á skólastarfinu fyrir íbúum í Skagafirði og að hluta til sem samfélagsdagur, þar sem nemendur selja muni sem þeir hafa búið til og allur ágóði rennur til samfélagsmála. Gert er ráð fyrir frídegi á móti þessum laugardegi föstudaginn 22. apríl.
3. Önnur mál.
 - Vinaliðaverkefnið rætt, en útbreiðsla þess hefur gengið vel. Um 30 skólar hafa tekið verkefnið upp og kostnaður er um 300.000,- kr. á ári. Inni í því eru kynningar í skólunum, leikjapakki og leikjanámskeið tvisvar á ári. 10% renna til eigenda verkefnisins í Noregi. Verkefnið hefur fengið ýmsa styrki frá fyrirtækjum.
 - Rætt um innri leigu sem skólinn greiðir fyrir afnot af húsnæðinu. Fulltrúum í skólaráði finnst eðlilegt að afnot af húsnæði skólans yfir sumarið séu bókfærð sem styrkur og leiga skólans minnkuð sem því nemur.
 - Rætt um skólaferðir sem eru í fullum gangi þessa dagana. Almennt er mikil ánægja með ferðirnar hjá nemendum og foreldrum.
 - Rætt um kosningu í nýtt skólaráð, en aðalfundur foreldrafélagsins er í kvöld kl. 20:00.

Þetta var síðasti skólaráðsfundur á þessu skólaári.